




Samskiptaráðgjafi

Sigurbjörg Sigurpálsdóttir

Kynning á starfi samskiptaráðgjafa íprótta- og æskulýðsstarfs,
ÍSÍ 24.8.2020

Lög um
samskiptaráðgjafa
íprótta- og
æskulýðsstarfs,
45/2019

- Lög sett á alþingi sem tóku gildi 1. ágúst 2019.
- Ráðherra ákvað að fela þriðja aðila hlutverkið. Domus Mentis geðheilsustöð.
- Sigurbjörg Sigurpálsdóttir klínískur sálfræðingur sinnir starfi samskiptaráðgjafa þar.



DOMUS MENTIS
Geðheilsustöð



Markmið lagana og starfs samskiptaráðgjafa

- Íþróttá- og æskulýðsstarf á að fara fram í öruggu umhverfi.
- Allir eiga að geta leitað aðstoðar vegna atvika eða misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingarnar.
- Samskiptaráðgjafi á að bæta umgjörð samtaka og félaga sem falla undir verksviðið, í samráði við þau. Hann skal stuðla að öryggi þeirra sem taka þátt í starfi þessarar samtaka og félaga.

Hvers konar málum sinnir samskiptaráðgjafi?

- Öllum málum sem varða:
 - Einelti
 - Ofbeldi
 - Kynbundna áreitni
 - Kynferðislega áreitni
- Ef það þarf aðstoð við að meta hvað er í gangi, eða eitthvað vefst fyrir fólki, er hægt að fá ráðgjöf varðandi öll slík mál.
- **Ekki hika við að hafa samband!**

Fyrir hverja er þjónusta samskiptaráðgjafa?

- „Starfssvið samskiptaráðgjafa nær til skipulagðrar starfsemi eða starfsemi í tengslum við hana á vegum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, æskulýðssamtaka sem starfa á grundvelli æskulýðslaga og aðila sem gera samning við það ráðuneyti sem fer með íþróttá- og æskulýðsmál um rekstrarframlag vegna sambærilegrar starfssemi.“
- Í stuttu máli sagt: Allir þeir sem stunda skipulagt íþróttá- eða æskulýðsstarf á Íslandi.



Hvað á samskiptaráðgjafi að gera?

- 1) Koma á framfæri upplýsingum til iðkenda og félaga um ýmiskonar atvik og misgerðir sem geta átt sér stað í þeim tilgangi að auka þekkingu og stuðla að réttum viðbrögðum.
- 2) Leiðbeina þeim sem leita til samskiptaráðgjafa vegna atvika eða misgerða sem þau hafa orðið fyrir í sínu félagsstarfi. Upplýsa um úrræði í boði og leiðbeina varðandi kvartanir sem eru lagðar fram við yfirvöld.



Hvað frh.

3) Aðstoða samtök og félög við að gera viðbragðsáætlanir vegna atvika og misgerða sem verða í starfi þeirra og stuðla að samræmingu á landsvísu.

4) Veita ráðgjöf til þeirra sem taka þátt í starfsemi félaga og samtaka sem falla undir þessi lög, um fyrirbyggjandi aðgerðir.



Hvað frh.

5) Fylgjast með rannsóknum og þróun á verksviði samskiptaráðgjafa og koma upplýsingum á framfæri við aðildarfélög.

6) Taka saman upplýsingar um starf samskiptaráðgjafa og þær tilkynningar sem honum hafa borist á árinu.



Þjónustan er gjaldfrjáls

Samskiptaráðgjafi tekur ekki greiðslu fyrir þjónustuna sem hann veitir.

Í einhverjum tilvikum vísar samskiptaráðgjafi aðilum áfram í þjónustu fagaðila.

Samskiptaráðgjafi sinnir ekki sálfræðiviðtölum sjálfur.



Þagnarskylda og trúnaður

- Samskiptaráðgjafi er bundinn trúnaði og heldur þagnarskyldu. Henni má þó aflétta með undirskrift viðkomandi (eða forráðamanns) til að geta rætt málið við aðra sem að því koma.
- Samskiptaráðgjafi getur krafist ábyrgðaraðila í íþrótta- og æskulýðsstarfi um allar þær upplýsingar sem hann metur nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu og er viðkomandi þá skylt að veita þær upplýsingar óháð þagnarskyldu þeirra.

Hafðu samband

- www.samskiptaradgjafi.is
- s. 839-9100
- Símatími alla þriðjudaga kl.10-11
- sigurbjorg@dmg.is
- Domus Mentis geðheilsustöð,
Þverholti 14, 105 Reykjavík



Samskiptaráðgjafi